

Stjórnarfundur UMSE, haldinn á Búgarði, fimmtudaginn 12. apríl 2012 klukkan 20:00

Mættir eru: Einar, Óskar Þór, Þorsteinn, Kristín, Kristlaug, Edda Kamilla, Þorgerður, Guðrún.

Boðuð forföll: Svanbjört

Nýjir koma í varastjórn Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Svarfdæla, 1 varamaður og Svanbjört Brynja Bjarkadóttir Umf. Æskan, 3 varamaður.

Óskar setti fund númer 708?.

1. Styrkumsóknir
Engar styrkumsóknar hafa borist.
2. Innsend bréf
 - Borist hefur svarbréf frá Hörgársveit um styrk vegna starfsárs 2012 um 300.000.- kr.
 - Blaksamband sendir út þingboð á ársþing þeirra sem að er haldið 12. maí næstkomandi.
 - Bréf frá Íþróttá og Ólympíusambands Íslands þar sem verið er að áréttu úr skýrslu rannsóknarnefndar bílslysa vegna banaslyss sem að varð í janúar 2011, að hlauparinn var vel merktur.
 - UMFÍ sendir bréf um Lýðháskólann í Danmörku.
 - Þingboð frá Badmintonsambandi Íslands sem er 27. apríl þar sem að UMSE á rétt á þremur þingfulltrúum, þingboð áframsent á Umf. Samherja.
 - Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði.
 - Blái naglinn, sem seldur er til styktar baráttunnar gegn blöðruhálskrabbameini. ÍSÍ sendi héraðssamböndum póst til að athuga hvort að aðildarfélög hafi áhuga og möguleika á að selja Bláa naglann.
 - Þinggerð 66. ársþings KSÍ.
3. Þingið
 - a. Þingsamþykktir
Farið var yfir tillögur sem að samþykktar voru á ársþinginu 24. mars síðast liðinn. Stjórn UMSE tekur þá afstöðu í tengslum við tillögu 23 sem samþykkt var 91. ársþingi UMSE í Árskógi 24. mars síðastliðinn að hún ætli ekki að leggja til á næsta sambandsþingi UMFÍ um að taka upp stigakeppni á Unglingalandsmóti UMFÍ.
 - i. Lagabreytingar
Þorsteinn sendi lagabreytingarnar til ÍSÍ og UMFÍ, svar hefur komið frá ÍSÍ og ætla þeir að senda lagabreytingarnar áfram. Ekkert svar hefur borist frá UMFÍ.
 - b. Bréf og þakkir
 - c. Matur og kaffi
Ákveðið að greiða 150.000.- kr fyrir veitingar á þinginu.
4. Skipan í nefndir
 - a. Bridgenefnd.
Athuga á með nefndarmenn sem að eru í nefndinni um áframhaldandi setu.
 - b. Knattspyrnunefnd
Óska á eftir tillögum frá aðildarfélögum.
 - c. Frjálsíþróttanefnd
Óska á eftir tillögum frá aðildarfélögum.

- d. Hestaíþróttanefnd
Óska á eftir tillögum frá aðildarfélögum.
 - e. Sundnefnd
Óska á eftir tillögum frá aðildarfélögum.
 - f. Fræðslunefnd
Óska á eftir tillögum frá aðildarfélögum.
 - g. Unglingalandsmótsnefnd
Óska á eftir tillögum frá aðildarfélögum.
 - h. 90. ára afmælisnefnd
Þorsteinn Marinósson
Birgir Marinósson
Guðfinna Steingrímsdóttir
Jóhanna Gunnlaugsdóttir
Vilhjálmur Björnsson
Þorsteinn ætlar að tala við Birgi og Vilhjálm og Kristín ætlar að tala við Guðfinnu og Jóhönnu.
 - i. Þorvaldsdalsskokkið
Starri Heiðmarsson sér um þessa nefnd.
 - j. Landsmótssjóður
Frá stjórn UMSE kemur inn í landsmótssjóð Kristín Hermannsdóttir. Aðrir stjórnar menn er þar eru Hringur Hreinsson og Árni Arnsteinsson.
5. Vorfundur UMFÍ á Selfossi 5. maí 2012
Gert er ráð fyrir allavega einum fulltrúa frá hverju aðildarfélagi. Óskar Þór ætlar að fara og Þorsteinn.
6. Starfsíþróttatæping UMFÍ laugardaginn 28. apríl 2012
Jóhanna Gunnlaugsdóttir ætlar að skoða það að fara á starfsíþróttatæpingið, Kristín ætlar að vera í sambandi við hana.
7. Skil á Felix
Þetta er að tynast inn, loka skiladagur er 15. apríl.
8. Önnur mál
- Þorgerður og Guðrún fóru á FRÍ þingið. Staða FRÍ er mjög slæm og var ákveðið að setja á skatt og er það 1000.- kr á hvern 16 ára og eldri skráðan félagan næstu tvö árin. FRÍ þarf að borga RÚV til þess að sýna frá mótunum.

Fundi slitið klukkan 21:57

Næsti fundur ákveðinn 8. maí 2012 klukkan 20:00

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður